



Pingfundargerð 26. ársþing Keilusambands Íslands 12. maí 2019 Salur E, Íþróttamiðstöð ÍSÍ Laugardal, Reykjavík

- 1. Þingsetning**
Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) formaður KLÍ setti þingið kl. 12:00
- 2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins**
JÁJ tilnendi Hafstein Pálsson sem þingforseta, sem væri þá í 23. sinn sem Hafseinn gegnir því hlutverki, og Jónínu Magnúsdóttur ÍA sem þingritara. Voru þau samþykkt samhljóða. Þingforseti tók við stjórn þingsins og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun þingsins, en svo var ekki.
- 3. Kosnar fastanefndir þingsins**
Ekki lágu fyrir tillögur um fulltrúa í nefndir, og komu uppástungur úr sal um fulltrúa.
 - a) Kjörbréfanefnd:**
Guðmundur Jóhann Kristófersson ÍR, formaður
Björn Kristinsson KR
Guðjón Gunnarsson ÍA
 - b) Fjárhagsnefnd:**
Halldóra Íris Invarsdóttir ÍR, formaður
Einar Jóel Ingólfsson ÍA
Guðjón R. Júlíusson KFR
 - c) Laga- og leikreglanefnd:**
Bragi Már Bragason KR, formaður
Stefán Claessen ÍR
Ingi Geir Sveinsson ÍA
Linda Hrönn ÍR
 - d) Allsherjarnefnd:**
Magnús Reynisson KR, formaður
Sigurður Þ Guðmundsson ÍA
Bergþóra Rós Ólafsdóttir ÍR
Björn G. Sigurðsson KFR
 - e) Kjörnefnd:**
Guðmundur Sigurðsson ÍA, formaður
Böðvar Már Böðvarsson ÍR
Stefán Ingi Óskarsson KFR
- 4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína**
JÁJ minnst fallins félaga – Ragna Matthíasdóttir KFR Afturgöngum. Þingfulltrúar rísa úr sætum.
JÁJ fer yfir skýrslu stjórnar, sjá Ársskýrslu
- 5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandisns**
Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir (SUV), gjaldkeri KLÍ fór yfir ársreikninga. Tekjur urðu alls tæplega 24,7 milljónir en gjöld alls um 23,1 milljón. Hagnaður fyrir fjármagnsliði varð því rétt rúmlega 1,6 milljón. Eigið fé og skuldir eru rúmelga 16,4 milljónir.
Þingforseti gaf orðið laust um reikningana. Engar spurningar komu úr sal.
Þingforseti bar nú ársreikninga KLÍ til samþykktar, þeir samþykktir samhljóða.
Þingforseti gaf formanni kjörbréfanefndar Guðmundi J Kristóferssyni orðið. Mættir eru þingfulltrúar: 5 frá Keilufélagi Akraness, 3 frá KR, 10 frá ÍR, 5 frá KFR og 1 frá ÍA. Auk þess sitja fulltrúar frá Íþróttafélaginu Ösp þingið. Alls eru því 24 atkvæði á þingi.
- 6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun næsta árs**

SVU, gjaldkeri KLÍ, leggur fram fjárhagsáætlun. Áætlaðar tekjur umfram gjöld í endurmetinni áætlun fyrir 2019 eru 74.900. Áætlun fyrir 2020 er upp á tæplega 160.000,- kr. hagnað. Þingforseti leggur til að vísa þingskjali til Fjárhagsnefndar sem þingskjal 1.

7. **Lagðar fram þær laga- og leikreglnabreytingar sem fram hafa komið**

Þingforseti kallaði eftir hvort borist hefðu laga- og eða leikreglna breytingar. 2 tillögur lágu fyrir:

- a) Breyting á reglugerð um Íslandsmót liða – Þingskjal 2
- b) Reglugerð um Aga- og úrskurðarnefnd – Þingskjal 3

JÁJ fylgdi eftir þingskjali 2. Fram kom breytingatillafa frá KFR með Reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða, 13. gr. Á formannafundi var ákveðið að ganga lengra og tella út ákvæði með erlenda leikmenn en bæta þess í stað við 4. og 6. gr. ákvæði um leikmenn í úrslitakeppni. Spyrja þurfi fyrst hvað á að koma í veg fyrir og í framhaldi semja reglugerðartexta.

JÁJ dróg þingskjal 3 til baka. Ástæðan er sú að Hafsteinn Pálsson kom KLÍ í samband við Davíð Gíslason sem er í Laganefnd ÍSÍ. Hann er tilbúinn til að aðstoða KLÍ við að forma regluverk KLÍ þannig að það standist kröfur ÍSÍ. JÁJ leggur því til að KLÍ fari þá leið. Guðlaugur Valgeirsson spyr um tillögu sína varðandi Íslandsmót einstaklinga. JÁJ svarar að það var aðalga með framkvæmd móts en einnig leikjafjölda. Stjórn ákvað að skoða það með mótanefnd.

Tillögum vísað til Laga- og leikreglnanefnd.

8. **Teknar til umræðu aðrar töllögur og önnur mál sem hafa borist til stjórnar**

Þingforseti kallaði eftir hvort aðrar tillögur hefðu borist. Með fundarboði liggur fyrir tillaga fyrir Allsherjarnefnd að skoða með hvaða hætti dómgæsla skuli vera í keppnum – Þingskjal 4.

Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) óskar eftir því að Allsherjarnefnd fjalli um hvernig KLÍ hyggist bregðast við breytttri Afreksstefnu ÍSÍ sem var samþykkt á nýafstöðnu Íþróttabingi ÍSÍ. Þar er m.a. kveðið á að afreksstarf skuli ekki hefjast fyrr en á unglingsaldri eða eftir mati þjálfara.

Þingforseti gerir hlé á þingi á meðan þingnefndir funda um mál.

9. Nefndarálit og tillögur ásamt atkvæðagreiðslur um þær

Kjörbréfanefnd hefur lokið störfum. Guðmundur Jóhann Kristófersson formaður nefndar fer yfir fulltrúa allra félaga á þinginu. Öll félög með gilda fulltrúa nema Þór sem ekki er á þinginu.

Alsherjarnefnd, Magnús Reynisson formaður. Nefndin fjallaði um dómaramál, niðurstaða: alltaf ætti að vera dómari viðstaddur stærstu mótin og úrslit en ekki í deildum. Setja mætti eftirlistsdómara á mót og senda þá á mót en ætti að vera óþarfi í deildum. Aðgengi að reglugerðum – þegar reglugerðir séu birtar þá séu þær gildar Afreksstefnan – setja hömlur á aldur en nefndin telur að svo ætti ekki að vera í keilu. Umræða eftir fyrirspurn úr sal um hvort breyta eigi þá reglum um afreksstefnu keilunnar en ekki beinar tillögur um það.

Laga- og leikreglnanefnd. Vísað til alsherjarnefndar reglan um varðandi erlenda leikmenna.

Vilji til að breyta kvennadeildum og hafa liðin í efstu deild 8 en ekki 6 til að hægt sé að framkvæma sömu reglur og í karladeild að 4 efstu liðin fara í úrslitakeppni.

Leggur til að fölgja leikjum í Íslandsmóti Öldunga úr 4 í 6 leiki.

Hafsteinn þingforseti mælir með að fara yfir það sem er brýnast fyrir haustið varðandi regluverk KLÍ en telur ekki líklegt að það náist að fara yfir allt fyrir haustið.

Fjárhagsnefnd – Halldóra Íngvarsdóttir formaður. Tillaga að fjárhagsáætlun verði samþykkt óbreytt – samþykkt samhljóða.

10. **Önnur mál**

JÁJ tók til máls. Stjórn KLÍ samþykkti samhljóða á stjórnarfundum 21. mars s.l. að veit tvenn heiðursmerki KLÍ fyrir vel unnin störf í þágu keilunnar. Svavar Þór Einarsson ÍR var veitt Silfurmerki KLÍ og Guðmundur Sigurðsson ÍA var veitt Gullmerki KLÍ.

Hafsteinn Pálsson flutti kveðju frá formanni ÍSÍ og þakkar fyrir samstarf liðinna ára. Íslensk Getspá – tekjur þaðan skipta miklu máli varðandi stuðning við íþróttahreyfinguna. Að ágóðinn renni til samfélagsverkefna en ekki gróðastarfsemi til einstaklinga í ólöglegum félögum.

Smáþjóðaleikar og Ólympíuleikar framundan, sumarhátíð í sumar, hjólað í vinnuna og Kvennahlaupið eru stór verkefni sem ÍSÍ stendur ma. Í á þessu ári. Verkefnavinna hjá ÍSÍ varðandi hegðun í íþróttum og samskipti. Hvetur keilara til að skoða samskipti og finna sameiginlega lausn á því.

Bragi Már Bragason tók til máls varðandi dóm sem féll í fyrra að stjórn KLÍ beri skylda að sjá til að reglum væri fylgt en mætti samt sem ekki sjá til þess. Hvernig má umorða lögin svo að KLÍ viti eftir hvaða reglum á að fara. Nýlegur dómur sem féll í máli ÍR TT og KFR Valkyrja. Hvorugur dómanna sé kominn inná síðu Dómstólsins eða KLÍ.

PMP – Spyr hvort ekki sé hægt að koma því að að þær íþróttir sem ekki fá hljómgrunn á Smáþjóðaleikum geti tekið þátt í Eyjaleikunum.

Hafsteinn svar: áður var tekið þátt í Eyjaleikunum en áhugi minnkað svo erfitt var að manna í það verkefni sem leiddi til að þátttöku var hætt í þeim. Mætti ræða að taka þátt aftur ef áhugi er að aukast. Vilji frá umsjónamönnum Eyjaleikanna að fá Ísland til þátttöku aftur. Fjármagn frá ÍSÍ hefur ekki verið nægur til að náist að fjármagna þátttöku.

JÁJ. Varðandi áfrýjunarmál að KLÍ getur ekki sett það inn á KLÍ síðuna ef að ÍSÍ er ekki búinn að birta hjá sér þó úrskurður liggji fyrir.

PMP spyr hvort einhver lausn sé í aðstöðumálum keiluíþróttarinnar. JÁJ svarar: Þór stendur í viðræðum við Akureyrarkaupstað varðandi aðstöðu, ÍA í sömu málum og vinnsla hjá félögum á höfuðborgarsvæðinu er líka í vinnslu. Ýmislegt er í umræðunni varðandi svæði þar sem hægt væri að koma upp aðstöðu og talað er um hjá borginni ári 2030 eftir 11 ár. Ákveðinn vilji er hjá borginni að halda umræðunni á lofti og miðað er við 12 brauta sal. Að félögin sem koma að því verði að vera samstíga. Skýla sér bak við það að Egilshöllin sé alltaf í gangi og hægt sé að nýta sér það en það er inná skemmtistað en ekki miðað við íþróttina og það sama er að segja um 8 brauta salinn sem setja á upp í KEX hostel. JÁJ leggur til að félögin setjist niður og setji sér markmið til framtíðar en ekki til að viðhalda ástandi. Keilufélögin þurfa að standa að þessu sjálf því ekki virðist nægur vilji hjá borginni til að koma að bættri aðstöðu keiluíþróttarinnar.

Stefán Ingi Óskarsson (SIÓ) KFR tók til máls varðandi aðstöðumál. KFR mun nýta sér aðstöðu en erfitt fyrir starf þeirra að nýta sér aðstöðu sem er algerlega merkt ÍR. Ýjar að því að þá verði bara eitt keilufélag, ÍR ef málin eiga að vera á þann veg.

Stefán Claessen – íþróttin keila á í vök að verjast, að deyja vegna aðstöðuleysis m.a. Aðstöðuleysi sé að ganga að íþróttinni dauðri. Að KFR þurfi að kyngja stolti og vinna í aðstöðu ÍR á meðan er verið að byggja upp aðstöðuna.

Umræður um aðstöðu og samstarf milli félaga. Gott fordæmi um góða samvinnu er samvinna ÍA og Þórs, en Þórsarar eru með heimavöll á Akranesi.

JÁJ hvetja KFR að sækja málin sjálfir því enginn kemur og býður keiluaðstöðu ef ekki er látið vita að þörfin er fyrir hendi. Þarf að sækja það sterkt.

Einhverstaðar verður að byrja og spyrna við fótum og sækja að aðstöðu verði komið á fyrir keiluíþróttina. Félögin setjist niður og ræði málin og vinni sameiginlega að þessu.

11. Kosning stjórnar og varastjórnar

Kjörnefnd: Guðmundur Sigurðsson (GS) formaður. Þakkar fyrir heiðursviðurkenninguna og tekur fyrst fyrir kosningu í stjórn. Tillaga er um SUV og Einar Jóel ÍA. Engin önnur framboð eru og eru þau því réttkjörin.

Sem varamenn eru tilnefndir: Björn Kristins KR, Stefán Claessen ÍR og Stefán Ingi Óskarsson KFR. GS lagið til röð varamanna Stefán Ó. Stefán C og Björn Kristins til að passa uppá vægi félaga. Samþykkt samhljóða

Íþróttaping ÍSÍ er eftir 2 ár og því óþarft að afgreiða það nú.

12. Kosnir skoðunarmenn reikninga og tveri til vara

Tillaga um að skoðunarmenn séu þeir sömu, Jón Grímsson og Þórir Ingvarsson. Til vara Pétur Helgason og Hjalti Ástbjartsson. Samþykkt samhljóða

13. Þingslit

Þingforseti gefur formanni orðið. JÁJ hvetur keilara til góðra verka í sumar. Ljóst að mörg brýn verkefni eru framundan þar sem margir þurfa að koma að. Þakkar starfsfólki þingsins fyrir störf sín og óskar þingfulltrúum gleðilegs sumars.

Þingforseti slýtur þingi kl. 14:45